


UMHVERFIS-
OG SKIPULAGSSVIÐ



LÝSING – ENDURNÝJUN Á KLAMBRATÚNI 2017



LÝSING - ENDURNÝJUN Á KLAMBRATÚNI 2017

- Lýsing á framkvæmd
- Áætlaður verktími
- Kostnaðaráætlun



Upphaflega kom erindi frá Hverfisiráði Hlíða þar sem kemur meðal annars fram:

„ljóst er að ákveðnir skikar Klambratúns geti skapað hættu sökum slæmrar lýsingar og leggur Hverfisiráð til, að gefnu tilefni, að gerð verði almenn úttekt á lýsingu alls svæðisins“




Mynd 1:

Stór hluti af svæðinu er illa upplýstur sem gerir svæðið óöruggt.

Sökum slæmrar lýsingar á stórum svæðum Klambratúns var gerð tillaga um þéttingu staura þannig að bilið á milli þeirra yrði 25m í stað 50m og skipt yrði um alla lampa.

Mynd 2 sýnir núverandi staðsetningu staura við göngustíga sem eru merktir með ljósbláum punktum og nýjir staurar eru merktir með dökkbláum punktum.

Þessi þétting lýsingar truflar ekki fyrirhugaðar framkvæmdir við Miklubraut eða aðrar framkvæmdir á túninu.



Mynd 2: Staðsetning á staurum



Mynd 3: Horft í norðvestur



Mynd 4: Horft í norður

Núverandi lampar eru allir með 125W kvikasilfurperum, sem búið er að banna, auk þess sem lamparnir eru orðnir gamlir og viðhaldsfrekir.

Ákveðið var að láta núverandi „karakter“ lýsingar halda sér, þ.e. að lýsa upp bæði göngustíg og nánasta umhverfi hans.

Valdir voru lampar sem ná þessum lýsingareiginleikum auk þess sem útlit þeirra vísar að mörgu leyti í byggingarstíl Kjarvalsstaða.

Lamparnir eru með 31W LED ljósgjafa og hlýhvíttri birtu (3.000°K).

Ákveðið var að skipta út öllum lömpum á núverandi staurum, en þeir eru 20 talsins, og bæta við 24 nýjum ljósastaurum.

Einnig verður sett upp ný jóla- og skammdegislýsing í gróðurþyrpingu á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar í líkingu við þær endurbætur sem áttu sér stað í desember 2016 á horni Flókagötu og Rauðarárstígs.

Núverandi lýsing er tengd á þrem stöðum við götulýsingarkerfið en því verður breytt þannig að sett verður upp föst heimtaug á mæli og allri lýsingu stjórnað frá tveimur götuskápum í garðinum.

Þetta er gert m.a. vegna þess að nauðsynlegt er að hafa fasta heimtaug fyrir „snjallbúnað“ í staurum og stjórnubúnað fyrir jóla- og skammdegislýsingu.

Gagnaveitan og Snjallvæðing borgarinnar leggja ljósleiðararör samhliða þessarri framkvæmd.



Mynd 5:

Umbætur verða gerðar á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar



Mynd 6:

Ný jóla- og skammdegislýsing á horni Flókagötu og Rauðarárstígs

Áætlað er að verkið
byrji í febrúar og
ljúki í lok mars 2017.



Mynd 7:
Núverandi staur og lampi.



Kostnaður skiptist á milli:

USK Gagnaveitunnar og Snjallvæðingu borgarinnar

Heildarkostnaður 22,8m

Framkvæmdarkostnaður ... 15,9m

Ófyrirséð..... 2,3m

Hönnun og umsjón..... 4,6m

Hlutur USK..... 18,3m


Hlutur Gagnaveitu..... 3,4m

Hlutur Snjallvæðingar..... 1,1m





UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



TAKK FYRIR

